

Skólaráð Hlíðaskóla

Fundur haldinn 10.6.2022 kl. 8:00

Viðstaddir: Berglind Stefánsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Brynja Blumenstein, Eyrún Ólafsdóttir, Þórey Björk Sigurðardóttir.

Fundargestir: Oddný Yngvadóttir, Helga Snæbjörnsdóttir

Táknmálstúlkur.

Fundarritun: Svanhildur Þorsteinsdóttir.

Dagskrá

1. Staðan á næsta skólaári (nemendafjöldi og skólastofur)

Útlit er fyrir að um 600 nemendur verði við skólann næsta haust og næstum allar stöður kennara hafa verið mannaðar. Það verða fjórir kennarar í 1.bekk.

Þrjár færanlegar kennslustofur verða staðsettar norðan við battavöll, nær skólanum. Ekki hefur verið ákveðið hvaða bekkir fara þar inn, líklega þó 5.bekkur. Klósett verða í stofunum. Færanlegu stofurnar verða þó ekki tilbúnar í byrjun skólaárs. Mögulega verða þær tilbúnar í lok september.

Næstum búið að manna í allar stöður.

2. Símalaus skóli

Eins og áður hefur komið fram er ákveðið að Hlíðaskóli verður símalaus en tafir hafa orðið á því vegna COVID. Verkefnahópur um símalausan skóla hefur störf strax í byrjun næsta skólaárs og verður honum gert að ákveða upphafsdag símalauss skóla innan næsta skólaárs og skipuleggja undirbúning. Í hópnum verða 2 fulltrúar foreldra og 2 fulltrúar kennara.

3. Stjórnendur Hlíðaskóla

Guðrún Björg deildarstjóri yngri stiga hættir störfum í vor. Í stað hennar hefur verið ráðin Særós Rannveig Björnsdóttir. Staðan verður 50% í stað 100% áður. Annar námsráðgjafi bætist við. Anna Flosadóttir deildarstjóri unglíngastígs hættir störfum í vor. Margrét Snæbjörnsdóttir tekur við sem deildarstjóri unglíngastígs í 50% starfi.

4. Leiðsagnarnám

Helga og Oddný kynntu leiðsagnarnám (leidsagnarnam.com). Hlíðaskóli er einn af þekkingarskólunum í leiðsagnarnáminu. Með leiðsagnarnámi eru nemendur valdefldir og þeir gerðir virkari og ábyrgari fyrir eigin námi.

Í haust er ráðgert að fræða foreldra betur um leiðsagnarnám. Rætt hvort hugsanlega sé hægt að koma inn á aðalfund foreldrafélags með fræðslu.

5. Annað

Úr skólaráði víkja nú eftir 2ja ára setu: Svanhildur Þorsteinsdóttir, Brynja Blumenstein og Eyrún Ólafsdóttir.

Fundi slitið 8:40